

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16 14. apríl 2000, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Á eftir orðunum „Umferðarstofa við skráningu ökutækja“ í c-lið 4. gr. komi: í þeim tilgangi að kanna hvort ökutæki sem óskað er skráningar á hafi verið stolið, selt ólöglega eða horfið.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:
 - a. Í stað orðsins „ökutæki“ í b-lið 2. mgr. kemur: hluti.
 - b. Í stað 4. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:
Upplýsingar sem skráðar eru um hluti skv. 7. gr. skulu ekki standa lengur í upplýsingakerfinu en fimm ár frá skráningu.
Aðrar upplýsingar en þær sem skráðar eru í kerfið á grundvelli 6. og 7. gr. skulu ekki standa lengur en tíu ár frá skráningu.